

Mál nr. 513/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar læknisins L

Rótarþjöl/nál brotnaði í kjálka konu þ. 2.9.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-18
2. Bréf V dags. 9.1.2012.

Málsatvik.

M var sjúklingur hjá L tannlækni. Þ.2.9.2011 brotnaði rótarþjöl/nál í kjálka M en það leiddi til mikilla óþæginda og kostnaðar fyrir M að hennar sögn. M gerir kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu L hjá V og byggir á því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna rangrar lækni meðferðar sbr. 2.gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000. Lögmaður M telur að sjúklingur eigi ekki að þola það bótaalaust að rótarnál brotni í rötargangi. L telur að brotin rötarnál í rötargangi hjá M sé ekki aðalorsök eða hindrun þess að hægt sé að komast hjá sýkingu í tönnina heldur flókið rötarkerfi, aukarót og þröngur rötargangur sem ekki sé hægt að komast að til að hreinsa úr. Ægir Rafn Ingólfsson gaf umsögn um málið þar sem hann telur á svipuðum forsendum og koma fram hjá L nauðsynlegt að taka umrædda tönn strax. Í álitgerð Landlæknisembættisins þ.14.10.2010 vegna kvörtunar M segir að atvikið flokkist ekki undir vanrækslu eða mistök, en vísað er m.a. til umsagnar Svend Richter um málið frá 10.10.2011, en þar segir m.a. allir læknar sem leggja stund á tannholdaðgerðir lendi í því að rötarnál brotni í rötargangi af margvíslegum ástæðum, en brotin þjöl þurfi alls ekki að merkja vanrækslu eða mistök og L hafi ekki gerst sekur um það við meðhöndlun á M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé vísað til þess í málskoti hvert tjón M sé, en af gögnum málsins verði ekki annað séð en að brotið valdi M engum skaða. V segir að ástand umræddrar tannar sem L meðhöndlaði hafi verið slæm, áður en meðhöndlun L hófst og telur V að brotna rötarnálin hafi engu við það bætt. Þá vísar V til 2.gr. laga um sjúklingatryggingar og segir enga sönnun hafa verið færð fram um það að ekki hafi verið rétt staðið að lækni meðferð hjá L á M í umrætt sinn eða rótarþjölín sem notuð var hafi verið gölluð eða bilað í aðgerðinni. Þá vísar V til þess að engin gögn hafi verið lögð fram um hvaða fylgikvilla M telur sig búa við í kjölfar aðgerðarinnar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að L hafi gerst sekur um vanrækslu eða mistök. Af gögnum málsins virtum verður ekki séð að M eigi rétt á bótum með vísan til laga nr. 111/2000 sjúklingatryggingar. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rét á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 26.1. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.